

Fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn, mánudaginn 21. ágúst 2012 kl. 16:00

Mætt: Siggeir Stefánsson formaður, Ingveldur Eiríksdóttir, Jóhanna Thorsteinson, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Kristinn Lárusson, Vilborg Stefánsdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir

Siggeir setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og tilkynnti um forföll.

1. Skýrsla skólastjóra GP

Ingveldur Eiríksdóttir kynnti skýrslu skólastjóra GP. Þar fór hún í stórum dráttum yfir það starf sem unnið hefur verið í undirbúningi skólaársins 2012/13 og þau atriði sem lögð hefur verið áhersla á í þeim undirbúningi.

- Foreldraviðtöl: Tekin í sumar við foreldra yfir 50 barna. Góð samtöl bæði til að fá fram jákvæðar og neikvæðar hliðar á skólastarfinu. Búið er að vera að vinna út frá þessum samtölum í undirbúningi fyrir skólaárið.
- Ölveusaráætlun: Skólinn er aftur kominn inn í Ölveusaráætlunina. Vilborg Stefánsdóttir hefur verið beðin um að vera umsjónarmaður verkefnisins.
- Húsgögn skólans: Einhver húsgögn vantar fyrir skólaárið og hefur sveitarstjóri samþykkt kaup á borðum og stólum fyrir skólann. Mikilvægt að húsgögn skólans séu góð og henti nemendum á hverju skólastigi fyrir sig.
- Húsnæðismál: Ingveldur hefur í sumar tekið einstaka rými og gert breytingar og reynt með því móti að gera starfsumhverfi nemenda og kennara meira aðlaðandi eftir því sem kostur er. Nýtt rými hefur verið tekið í notkun undir stjórnendur skólans og eru þeir með sameiginlega skrifstofu.
- Sérkennsla og greiningar nemenda: Jóhanna hefur síðan hún tók til starfa verið að fara í gegnum þau mál. Mikilvægt er að halda vel utan um þau mál og taka þau föstum tókum. Rætt mikilvægi þess að funda með kennurum og starfsmönnum skólans um greiningar nemenda enda skiptir það miklu máli að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um þarfir hvers nemanda. Ingveldur fór í gegnum verkferli varðandi greiningar barna. Þetta er eitt af stóru verkefnum vetrarins.
- Vinna við Mentor er í gangi. Í dag eru um 76 nemendur í skólanum.
- Námskeiðahald: Kennarar og starfsmenn skólans hafa að undanförnu verið að sækja námskeið sem hafa tekist vel.
- Teymisvinna: Vilji kennara er að vera með meiri teymisvinnu milli bekkja og er stundartaflan byggð upp með þeim hætti að slík teymisvinna sé möguleg. Teymisvinna þýðir breytingar á starfi kennaranna og ýmsar breytingar á vinnulagi, þannig að þetta þarf að vinnast skref fyrir skref.
- Lestur í upphafi dags: Stefnt er á að umsjónakennari sé með fyrsta tíma hvers dags og hefst hver dagur á lestri í 10-15 min.
- Samstarf við aðra skóla: Ingveldur kynnti fyrirhugaða samvinnu við Svalbarðsskóla og GB á komandi skólaári. Skólinn hefur áhuga á því að koma á heimsóknum til annarra skóla í nágrenninu.

2. Starfsmenn næsta skólaár, 2012/13, í GP

Starfsmannamál skólans voru rædd og farið yfir kennararáðningar.

- Farið yfir stöðu íþróttakennara og iðjuþjálfva við skólann.
- Enn hefur ekki tekist að ráða starfskraft í ræstingar við skólann.

- Verið er að skoða ráðningu húsvarðar við skólans sem myndi hafa yfirumsjón með ræstingum og sjá um daglegt viðhald í skólanum. Sú ráðning verður tekin fyrir síðar.
- Kennararáðningar:
Lagt til að ráða Ólínu Ingibjörgu Jóhannesdóttur í 100% starf við kennslu í stærðfræði.
Samþykkt samhljóða
Lagt til að ráða Jónína Sigríður Þorláksdóttur í 100% starf við kennslu á miðstigi.
Samþykkt samhljóða
Lagt til að ráða Hebu Pétursdóttur í 100% starf við kennslu á miðstigi.
Samþykkt samhljóða.
Lagt til að ráða Þorstein Ægi Egilsson í 100% starf sem íþróttakennari.
Samþykkt samhljóða

Siggeir þakkaði fyrir góðar upplýsingar frá stjórnendum skólans.

3. Skýrsla skólastjóra Tónlistaskóla

Ingveldur flutti skýrslu skólastjóra tónlistarskólans. Kadri mun mæta til vinnu um 10 september. Á næstu dögum verður tekið á móti skráningum í tónlistarskólann.

Búið að ræða við Árna á Húsavík um aukið samstarf við Tónlistarskólann á Kópaskeri, Lundi og Raufarhöfn. Þetta á eftir að mótast betur. Stefnt er á að vera með grunn og stigspróf við tónlistarskólann í vetur.

4. Skýrsla skólastjóra Barnabóls

Halldóra kynnti skýrslu Barnabóls. Leikskólustarfið hófst í gær með starfsdegi og fyrsta leikskóladeginum í dag. Þá koma inn ný börn og byrja í aðlögun á morgun. Alls eru nú 28 börn í leikskólanum sem er aðeins færri en síðastliðinn vetur. Vantar 1 barn uppá að leikskólinn sé fullur. Búið að taka inn öll börn 18 mánaða og eldri. Inntaka á leikskólans á nýjum börnum rædd. Á næsta ári fara fá börn út en þó nokkur þurfa að komast að. Leikvöllurinn við Barnaból var tekin í gegn í sumar. Fundarmenn ræddu þetta flotta framtak. Þessi vinnudagur var haldinn 20. júlí þar sem George Hollanders og Sarka konan hans komu og unnu með starfsfólki og foreldrum í að byggja upp leikskólalóðina. Þar voru leiktæki smíðuð, leiktæki löguð, málað og lagað ýmisslegt. Þá var gróðursetning og tæki færð og ýmisslegt fleira. Mikið þrekvirki var unnið þarna. Góður dagur og góð mæting. Þetta verkefni er jákvætt og mjög gott fyrir okkar samfélag. Skipulagning á þessum degi var góð hjá Halldóru sem var mikilvæg fyrir það hvernig til tókst. Væri gott að fá Georg aftur til að gera meira og þarf að ræða það við sveitarstjóra.

Í framhaldi af þessu var umgengni á leikskólalóðinni rædd. Mikið af krökkum sem leika sér á kvöldin og skapar álag á leikskólalóðina og því fylgir einnig talsvert rusl.

Halldóra fór yfir þau námskeið sem starfsfólk leikskólans eru búin að sækja og hvað er framundan í þeim efnum.

5. Starfsmenn næsta skólaár, 2012/13 í leikskólanum

Halldóra kynnti starfsmannamál barnabóls. Steinunn Leósdóttir kemur inn í staðin fyrir Mörtu og búin að ráða sig í 1 ár. Þá hefur Hjördís minnkaði við sig starfshlutfall.

Halldóru þakkað greinagóð yfirferð yfir starf leikskólans

6. Skóladagatöl fyrir næsta skólaár, það á að vera búið að samþykkja þau en gott að fara yfir ef einhverjar breytingar

Engar breytingar hafa orðið á skóladagatali frá því í vor

7. Skilaboð

Stefnt á að FN sendi frá sér skilaboð til foreldra og annara um það í hvaða hlutverki við erum sem foreldrar. Ingveldur og Siggeir vinna málið áfram.

Á hverju hausti hefur Langanesbyggð, Fræðslunefnd og vímuvarnarráð sent frá sér orðsendingu varðandi útivistartíma. Það er orðið tímabært þar sem 1. september nálgast. Lagt til að vímuvarnarráð sendir frá sér skilaboð varðandi útivistartíma barna sem fyrst.

8. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarbók.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19.00